

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Sambands
íslenskra berkla- og brjósthóssjúklinga, nr. 923 29. nóvember 2001.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Verð ársmiða er 10.800 kr. en endurnýjunarverð í hverjum flokki 900 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. desember 2003.

Björn Bjarnason.

Björn Friðfinnsson.

5. desember 2003

Nr. 916

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluta, er taki gildi 1. janúar 2004:

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur, B-hluti, nr. 258, 21. mars 2001, með síðari breytingum, breytist þannig:

Sérgjöld hitaveitu:

Allir liðir hækki um 3%.

Önnur gjöld sameiginleg:

Allir liðir hækki um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. desember 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Helgi Bjarnason.

3. desember 2003

Nr. 917

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Arnarneshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu sem er ein klst. er kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.